

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)

**Ultra Bond Super Glue
21309P**

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.
Söluheiti: **Ultra Bond Super Glue (Cyanoakrylat ester)**
Vörunúmer: **571 21309**
Notkun: **Lím**
Dreifing: **Bilanaust hf. 110 Reykjavík**
Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA
Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)
Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585
Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112
Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.
Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlífðarbúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
7085-85-0	230-391-5	Eetýlsýanóakrylat	60-100	Xi	36/37/38
123-31-9	204-617-8	hýdrókinón	0,1-0,5	Xn, N	22-40-41-43-68-50

Varan inniheldur önnur efni sem ekki teljst hættuleg og ekki þarfnast merkingar.

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrunarhætta: Ertir augu, öndunarfæri og húð.
Límir saman húð og augu á svipstundu.
Geymið þar sem börn ná ekki til.
Lengri tíma eða endurtekin snerting við húð getur valdið ofþornun og sprungum.

Eitrunarleiðir: Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.
Einkenni: Engin þekkt.

4. Skyndihjálp:

Almennt: Ferskt loft, hiti og hvíld. Sé viðkomandi meðvitunarlaus skal losa um fatnað og búa um í hvíldarstöðu. Meðvitundarlausum skal ekki gefið að drekka. Haldið öndunarvegi opnum með því að sveigja höfuðuð afturábak og hreinsa slím úr munnholi. Beitið blástursaðferðinni, súrefnisgjöf eða hjarta-hnoði stöðvist öndun eða hjartsláttur.

Inntaka: Inntaka meira magns er ólíkleg. Límið virkar strax við snertingu við slímhúð. Ekki skal þvinga sundur samalímingar í munnholi en reyna að koma munn-á milli eftir því sem hægt er. Hverfi óþægindi ekki skal leita læknis.

Innöndun: Leita skal í ferskt loft ef óþæginda verður vart.

Snerting við húð: Samlímingar skal jaga varlega sundur með hjálpi asetons eða með því að bleyta staðinn stöðugt með volgu vatni í lengri tíma. Losni

Framhald á bls. 9

Límingin ekki skal leita læknis.

Snerting við augu: Haldið augnlokum sem mest uppi, fjarlægðu snertilinsur. Skolið strax með volgu vatni í margar mínútur. Reynið ekki að þvinga sundur samanlímd augnlok. Leitið læknis hverfi óþægindi ekki.

5. Eldsvoði: Slökkvun.

Eiginleikar: Efnið er brennanlegur vökvi sem getur sjálfviknað sé hiti nægur. Brenni mikið magn getur reykur innihaldið eitruð efni.

Slökkviefni: Kolsýra, þurrduft, froða

Hlífar: Sé reykur mikill þarf slökkvilið viðeigandi hlífðarfatnað og öndunarbúnað með tilfærðu lofti.

Óvenjuleg sprengihætta:

Sprengimörk, lægri:

Sprengimörk, hærri:

6. Efnaleki.

Ráðstafanir: Tryggið loftræstingu. Notið viðeigandi hlífðarfatnað (sjá nr. 8). Gera skal öðru starfsfólki á staðnum viðvart sé hætt á að niðurléki hafi áhrif á það. Stöðvið dreifingu lekans og varnið því að lekinn nái í frárennsli. Efnið harðnar fljótt og festist við fest efni/yfirborð. Þurrkið upp með þurri tusku (ekki með pappír eða tvisti). Þrifið með miklu sápuvatni. Harðnað efni má fjarlægja með hníf eða spaða.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Eiginleikar: Efnið harðnar strax með raka í lofti og slímhimnum. Hætta er á að húð límist saman eða augu aftur.

Meðhöndlun: Tryggið loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Haldið efninu fjarri hita, neistagjöfum og opnum eldi.

Geymsla: Geymið í lokuðum upprunalegum umbúðum á þurrum vel loft-ræstum stað. Verjið gegn hita og sólargeislum. Geymið þar sem börn ná ekki til.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Innihaldsefni:	Cas-nr.	Mengunarmörk	ath.
etýlsýanóakrýlat	7085-85-0	2 mg/m ³ /10 ppm (2000)	
hýdrókínón	123-31-9	0,5 mg/m ³	S*

* S = efnið er ofnæmisvaki.

Forvarnir: Þrífnaður og regla á notkunarstað. Hlífðarfatnaður ekki nauðsyn. Afstætt rakastig á notkunarstað ætti að vera >55%

Öndunarbúnaður: Ekki nauðsyn.

Augu: Nota skal hlífðargleraugu eða andlitshlíf. Augnaskoltæki ætti að vera á vinnustað.

Framhald á bls. 3

Húð:	Hlíðarhanskar CE-merktir, EN-374, fl. 2. Einnotahanska má nota við staka notkun efnisins (polyetýlen).
Aðrar hlífar:	Mælt er með notkun varnarkrems á húð. Hendur skal þvo með sápuvatni að notkun lokinni.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar

Form/lykt:	Litlaus vökvi, sérkennandi lykt.
Suðumark:	>150 °C
Lyktarmörk:	1-2 ppm
Uppleysanleiki:	Aseton og spíri - úppleysanlegt í vatni en fjölíðast með vatni.
Rúmpýngd:	1,06 g/rsm
Blossamörk:	85 °C
Gufuþrýstingur:	lágur
Gufuþýngd (Loft = 1):	>1
Rokhraði:	Lítill

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki:	Stöðugt við geymslu í þurru lofti.
Hvörfun:	Fjölíðast snögg með snertingu við vatn, húð og líkamsvökva. Haldið frá sterkum bösum.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Engin þekkt við venjulegar aðstæður. Við háan hita og bruna getur myndast reykur, kolmónoxíð og önnur hættuleg efni.

11. Eiturfræðileg atriði.

Almennt:	Efnið getur límt saman hörund og slímhúð á svipstundu. Getur valdið ertingu við innöndun og snertingu við augu og húð sér í lagi í þurru lofti (rakastig <50%). Storknað efni er hættulaust.
Innöndun:	Efnið gufar lítt upp við stofuhita en jafnvel innöndun lítils magns getur ert slímhimnu öndunarvegs með sviða í nefi og koki.
Augu:	Slettist efnið í auga veldur það sviða og ertingu og augu geta límt aftur. Í þurru lofti getur gufa af efninu ert augu.
Húð:	Getur valdið sviða og roða. Snerti-exem getur myndst. Helsta hættan er fólgin í að límið festir saman húð, t.d. fingurgóma á svipstundu.
Inntaka:	Inntaka verulegs magns er ólíkleg þar sem límið festir strax saman slímhúð í munnholi. Hætta er á að varir og tunga límist.
Langvinn áhrif:	Engar staðfestar heimildir eru um þrálát einkenni/áhrif.
Ofnæmi:	Sérstaklega viðkvæmir einstaklingar geta sýnt einkenni astma-ofnæmis.
Stökkbreyting:	Engin þekkt dæmi.

Framhald á bls. 4

Krabbamein:	Á meðal innihaldefna eru efni sem gætu hugsanlega valdið krabbameini (fl.svið nr. 3). Efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldur.
Frjósemi:	Engin þekkt hætta/áhrif.

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.

Dreifing:	Leysist lítt upp í vatni.
Niðurbrot:	Hægvirkt lífrænt niðurbrot.
Uppsöfnun:	Engin hætta á uppsöfnun.
Vistvá	Engin þekkt hætta á umhverfiseitrun.

13. Förgun. Efninu og tæmdum umbúðum skal farga hjá spilliefnamóttöku og í samræmi við lög og reglur um meðferð iðnaðarúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi.

Flokkun: Evrópski spilliefnalistinn: 08 04 09/08-04-10

14. Flutningur: Telst ekki hættuleg vara - engin flokkun.**Landflutningur:**

Heiti flutningsflokks (DOT):
Hættuflokkur:
UN/ID Nr.
Spilliefni í sjó:

Lofflutningur:

Rétt heiti flutningsflokks:
Flokkur eða deild:
UN/NA Nr.

IMDG: Rétt heiti flutningsflokks:
Hættuflokkur:
UN Nr.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Inniheldur:

Varnaðarmerking: Ertandi

Hættusetningar: **H36/37/38** Ertir augu, húð og öndunarfæri.

Varnaðarsetningar: **V2** Geymist þar sem börn ná ekki til.

V24/25 Varist snertingu við húð og augu.

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

Framhald á bls. 5



Tilvísun Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 221309P Ultra Bond Super Glue innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunnir að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999
Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafraeðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

Annað: Samkvæmt breytingu nr. 754/1999 frá 29/10/99 á reglugerð nr. 236/1990, 11. grein, er ekki nauðsynlegt að merkja með hættu- og varnaðarsetningum umbúðir vara sem innihalda minna en 125 ml. Varnaðarmerki skal ekki vera minna en 1 sm².

16. Aðrar upplýsingar:

Hættusetningar í kafla 2:

H36/37/38 Ertir augu, öndunarfæri og húð.

H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

H50 Mjög eitrað vatnalífverum.

H68/22 Hættulegt: Getur valdið varanlegu heilsutjóni við inntöku.

Síðasta endurskoðun útgáfu: 02.09.2003.

Unnið af: Akre-Aas Miljökjemi AS. Samp. Af Joakim Stenling.

Dagsetning þýðingar: 04.04.2006

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílanaust hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins. Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 21309P/89071.

Þýtt og uppsett fyrir Bílanaust hf. í apríl 2006:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur, Reykjanesbæ.